DREKAVELLIR 10

ARKITEKTATEIKNINGAR
Teikningar nr. 01.01 - 01.17



Afstöðumynd

1 : 500

BYGGINGARLÝSING

Drekavellir 10 er fjórbýlishús á tveimur hæðum og með geymslukjallara undir vesturhluta byggingarinnar.
Sökklar, botnplata, útveggir, plötur milli hæða og þakplata verði úr járnbentri steinsteypu.
Plata á milli 1. og 2. hæðar verði 220 mm á þykkt.
Útveggir einangrist að innan með 100 mm plasteinangrun, múrist og pússist.
Undir botnplötu og sökklar niður fyrir frostfrítt einangrist með 75 mm plasteinangrun. Milli botnplötu og einangrunar komi þolplast (rakasperra).
Útveggir kvarsist að utan í gráum lit, nánara og endanlegt val á lit kvarsblöndu og líms ákvarðist í samráði við arkitekt.
Svalir, svalagangur, stigi og innfellingar málist í ljósum lit (í samráði við arkitekt).
Uppgefnir gólfkótar miðast við tilbúið gólf, án gólfefna.
Gólfplötur verði vélslípaðar.

Ofan á steypta þakplötu komi þolplast (rakasperra). Þar ofan á komi tvö lög af nótaðri og vatnsþolinni XPS plasteinangrun. Neðra lagið, 17 kg/m3, verði sniðskorið og myndi þakhalla, amk. 1:50 að niðurföllum. Efra lagið, 50mm á þykkt, verði 24kg/m3 og skal meðalþykkt þakeinangrunar vera amk. 200mm.
Ofan á einangrun komi glerfilt og þar ofan við Protan G, 1,5mm, heilsoðinn þakdúkur sem nái uppfyrir steypta kanta og bræðist ofan á plast húðaðar kant flassningar.
Ofan á dúk komi 70 - 80mm malarfarg úr völusteinum.
Varðandi niðurlögn á þolplasti, pasteinangrun, frágangi við niðurföll, niðurlögn Protan dúks og frágang hans á samskeytum, brúnum og köntum, efnisgerð og steinastærð malarfargs skal í einu og öllu farið eftir fyrirmælum framleiðanda dúks.

Þakklæðningar skulu vera í flokki T.
Í hverja íbúð komi amk. 2 reykskynjarar og 1 handslökkvitæki.
Hið sama gildir um geymslukjallara. Sjá staðsetningar reykskynjara á grunnmyndum kjallara, 1. hæðar og 2. hæðar.
Skil á milli íbúða verði amk. A - REI 90, þmt. hæðaskil.

Berandi inniveggir verði úr járnbentri steinsteypu, 150 mm þykkir.
Léttir inniveggir verði úr 35 x 95mm blikkgrind, fyllt með steinullareinangrun og klæddir beggja vegna með 13mm gifspl.
Veggir á milli baðherbergja og þvottahúsa verði úr tvöfaldri 35x70mm blikkgrind ("slitinni" og víxlaðri grind) og fyllt með steinullareinangrunog klæddir beggja vegna með 2 x 13mm gifspl.

Gluggar og hurðir verði úr timbri og gler verði tvöfalt K-gler.
Í opnanleg fög og hurðir skal innfræsa og setja í þéttilista úr Neopren eða öðru viðurkenndu efni. Þeir skulu liggja í sama fleti og mynda samfellda þéttingu.
Gluggar, hurðir og opnanleg fög skulu standast slagregnsmælingar RB (að lágmarki 1100 Pa).

Samþykkt þann
16 MARS 2005
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

ARKITEKTAHÖNNUN ehf
Kennitala 531201-4180
PÉTUR ÖRN BJÖRNSSON ARK. FAI
TEIKNISTOFA TÚNGÖTU 14, 101 RVK
VS./FAX 551 0160 HS. 551 0101

Heiti verks:
DREKAVELLIR 10

Heiti teikningar:
Byggingarlýsing og afstöðumynd

Mkv.:	Nr. teikningar	Dags.:
1 : 500	01.01	10. 03. 2005
Verknr.:		Teiknað P.Ö.B